Ed. **314. Frumvarp til laga** [153. mál]

um breyting á jarðalögum nr. 65 31. maí 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

Á eftir 2. málsgr. 40. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifjár, sem jörð er lagt til eftir 39. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga og til samræmis við þær meginreglur, sem þar er byggt á.